

## Ráðherrafundur Evrópuráðsins haldinn í Reykjavík 28.-29. maí:

### Rætt um fjölmiðla, nýmiðlun og misnotkun hryðjuverkalaga

Ráðherrafundur [Evrópuráðsins](#) um fjölmiðla og nýja miðla er haldinn í Reykjavík dagana 28. og 29. maí. Ráðherrar allra 47 ríkja Evrópuráðsins eða fulltrúar þeirra munu sitja fundinn ásamt fulltrúum alþjóðlegra hagsmunasamtaka. Sérstök ráðstefna um lög gegn hryðjuverkum og misbeitingu þeirra var haldin á vegum Evrópuráðsins miðvikudaginn 27. maí í tengslum við ráðherrafundinn.

Jafnframt stóð [European Youth Forum](#) fyrir málþingi í Reykjavík dagana 26. og 27. maí þar sem málefni ungs fólks í tengslum við fjölmiðlun og nýja miðla voru rædd og gerðar tillögur sem síðan verða lagðar fyrir ráðherrafundinn.

Menntamálaráðuneytið stendur að ráðherrafundinum í samvinnu við Evrópuráðið. Þar er rætt hvernig fjölmiðlar hafa breyst með tilkomu nýrrar samskiptatækni og hvaða áhrif þessar breytingar hafa á málefni á borð við tjáningarfrelsi og persónuvernd. Á fundinum verða teknar ákvarðanir um stefnu Evrópuráðsins í málefnum fjölmiðla og nýmiðlunar til næstu fimm ára.

Ráðstefnan um hryðjuverkalöggjöf og misnotkun hennar er haldin á vegum Evrópuráðsins í samvinnu við mennta-, menningar- og vísindaráðuneyti Hollands og menntamálaráðuneyti Íslands. Þar er rætt hvernig lögum gegn hryðjuverkum hefur verið misbeitt síðari ár, sér í lagi þegar kemur að tjáningarfrelsi og hömlum á upplýsingagjöf.

Sendinefndir frá öllum 47 ríkjum Evrópuráðsins og ýmsum hagsmunasamtökum munu sækja ráðherrafundinn, málþing unga fólksins og ráðstefnuna um hryðjuverkalöggjöfina. Búið er við um 300 erlendum gestum af þessu tilefni. Meðal þátttakenda í viðburðinum verða Maud de Boer-Buquicchio, annar framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Dr. Karol Jakubowicz, sérfræðingur í fjölmiðlun og nýjum miðlum, og Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu.

Ráðherrafundurinn er sendur út í vefútsendingu á vef ráðstefnunnar [www.ministerialconference.is](http://www.ministerialconference.is). Þar má einnig nálgast fundargögn og frekari upplýsingar um fundinn.

1ST COUNCIL OF EUROPE CONFERENCE  
OF MINISTERS RESPONSIBLE FOR MEDIA  
AND NEW COMMUNICATION SERVICES

*A new notion of media?*

28 - 29 May 2009, Reykjavik, Iceland



## Stefna fyrir háskóla, vísindi og nýsköpun

Á [ríkisstjórnarfundri þriðjudaginn 26. maí](#) sl. lagði menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, fram til kynningar tvær skýrslur um framtíð háskóla og rannsókna á Íslandi.

Í desember 2008 skipaði menntamálaráðherra verkefnastjórn til að fjalla um möguleg viðbrögð stjórnvalda við hruni fjármálakerfisins í október sl. og hvernig væri best að takast á við afleiðingar þess á sviði háskóla og rannsókna. Verkefnastjórnin hefur skilað af sér skilagreini með tillögum um:

- aðgerðir og áherslur til skemmri og lengri tíma sem eru til þess fallnar að styrkja háskóla og vísindastarfsemi í landinu;
- hvernig efla megi samstarf háskóla, vísindastofnana og fyrirtækja með það að markmiði að fjármunir, sem veittir eru til kennslu og rannsókna, nýtist sem best til að styðja við nýsköpun og uppbyggingu á sviði atvinnumála;
- hvernig skapa megi tækifæri og virkja þekkingu og reynslu háskólamenntaðra einstaklinga, sem misst hafa vinnuna, til virðisskapandi starfsemi og atvinnuuppbyggingar.

Í skilagreininni er meðal annars lagt til að háskólum verði fækkað í allt að tvo og að ríkisháskólunum verði breytt í sjálfseignastofnanir til að veita háskólunum aukid sjálfstæði og til að auðvelda samvinnu þeirra. Einnig setur verkefnastjórnin fram tillögur um aukid sjálfstæði Vísinda-

og tækniráðs og eflingu starfsemi Rannís.

Á sama tíma skipaði menntamálaráðherra ráðgjafahóp erlendra sérfræðinga til að veita stjórnvöldum ráð um viðbrögð á sviði mennta- og vísindamála. Ráðgjafahópurinn skilaði lokaskýrslu til ráðherra sl. mánudag en skýrslan var einnig kynnt á fundi með iðnaðarráðherra, Katrínu Júlíusdóttur, sama dag. Skýrslan er kölluð Stefna í menntun, vísindum og nýsköpun: Ný leið fyrir Ísland. Ráðgjafahópurinn gerir ítarlegar athugasemdir og tillögur í 34 liðum. Meginskilaboð hópsins eru:

- „Viðhaldið fjárfestingum í menntun á öllum skólastigum“
- „Endurskoðið mennta- og rannsóknakerfið“
- „Leggið áherslu á nýsköpun“
- „Bætið og styrkið stjórnsýslu rannsókna og nýsköpunar“
- „Náid samstöðu um skammtímabreytingar og hrindið þeim hratt í framkvæmd“.

Meðal aðgerða sem hópurinn leggur til er að sameina hina sjö háskóla landsins í tvo, annan opinberan og hinn einkarekinn. Lögð er áhersla á eflingu Vísinda- og tækniráðs sem ákvörðunaraðila um stefnu í vísindum, tækni og nýsköpun og að Rannís verði eflid sem stofnun er þjóni öllu sviðinu, veiti Vísinda- og tækniráði öflugra faglega þjónustu og annist mat á árangri stefnumarkandi aðgerða.

Skýrslurnar má nálgast á [vef menntamálaráðuneytisins](http://vef.menntamalaraduneytisins.is).

